

Alþingi, nefndarsvið
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 143/136
komudagur 5.11.2013

Reykjavík, 4. nóvember 2013

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 121/2011 um greiðsluþjónustu – 9. mál

SVP hafa fengið til umsagnar umrætt frumvarp, en tilgangur þess er að stuðla að breytingum á greiðsluháttum hér á landi á þann veg að kaupmenn og aðrir móttakendur greiðslukorta taki upp innheimtu álags á auglýst verð vöru og þjónustu þegar greitt er með greiðslukortum. Markmiðið með frumvarpinu er að umrætt álag endurspegli þann viðskiptakostnað sem felst í því að nota kreditkort umfram aðra greiðslumiðla.

Samtökin hafa lengi verið gagnrýnin á þá þóknum sem kortafyrirtækin hér á landi hafa gert kaupmönnum og öðrum þjónustuveitendum að greiða til þeirra þegar viðskipti fara fram með greiðslukortum. Verslunar- og þjónustufyrirtækin hafa jafnan verið þeirrar skoðunar að þóknunin hafi verið of há og nauðsynlegt hafi verið að leita leiða til þess að hún lækki. Á sama hátt eru þessi fyrirtæki á þeirri skoðun að mikið hagræði sé af notkun greiðslukorta í viðskiptum og ekki megi stíga nein skref til að draga úr því hagræði.

SVP er þeirrar skoðunar að það frumvarp sem hér um ræðir sé ekki tímabært í ljósi þeirrar þróunar sem er að verða í þróun á Evrópulöggjöf á þessu sviði. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkti s.l. sumar breytingu á gildandi tilskipun um greiðsluþjónustu (Payment Service Directive II) sem hefur m.a. þá breytingu í för með sér að sett eru háþörk á milligjöld (e. interchange fee) í kortaviðskiptum. Háþörk þessi verða 0,2% af verðmæti viðskiptanna þegar um debítortaviðskipti er að ræða og 0,3% við kreditkortaviðskipti. Af umsögnum hagsmunaaðila í Evrópu að dæma virðist þessi tilskipunardrög njóta víðtæks stuðnings og því meiri líkur en minni að þau verði endanlega staðfest í þeirri mynd sem þau eru nú. Svo sem kunnugt er hefur tilskipun um greiðsluþjónustu EES gildi og mun því umrædd breyting öðlast lagagildi á Íslandi. Ef tekið er mið af þeirri áherslu sem lögð er á hraðan framgang þessa máls má búast við því að ekki líði á löngu þar til það gerist.

Þau hámörk á milligjöldum, sem er þungamiðjan í þeirri breytingu á tilskipuninni sem hér um ræðir, er í mörgu tilliti lokin á áralangri baráttu sem hagsmunasamtök verslunarinnar í Evrópu, EuroCommerce, hafa háð. SVP er fullgildur aðili að þeim samtökum, en það er ekki hvað síst fyrir þrautseigju EuroCommerce að þessi lækkun á milligjöldum er að verða að veruleika og þar með verið að koma viðskiptum með greiðslukort í það horf sem verslun og þjónustu telur vel ástættanlegt.

Eins og sagði í upphafi telja samtökin frumvarp þetta ótímabært í ljósi þess sem hér hefur verið rakið. Eðlilegast er að bíða þess að nefnd breyting á tilskipun um greiðsluþjónustu verði leidd í lög hér á landi.

Virðingarfyllst,

f.h. SVP



Andrés Magnússon